



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Leyfi til daggæslu barna í Reykjavík

Með vísan til 2. gr. viðauka 2.5, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er upplýst um veitt leyfi til dagforeldra í Reykjavík.

Skv. framangreindum viðauka er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs heimilt að veita leyfi til dagforeldra. Skv. samningi Menntasviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs frá árinu 2006 fjalla þjónustumiðstöðvar um umsóknir um leyfi til daggæslu og leggja til við skóla- og frístundasvið hverjum skuli veitt leyfi til daggæslu barna í heimahúsum

Hinn 1. desember 2018 voru dagforeldrar í Reykjavík 124 talsins og greidd var niðurgreiðsla vegna 497 reykvískra barna.

Fjöldi dagforeldra eftir hverfum:

- Árbær og Grafarholt 23
- Breiðholt 29
- Grafarvogur (Miðgarður) 20
- Laugardalur /Háaleiti 35
- Vesturbær/Miðborg /Hlíðar 17

Þann 1. desember 2018 var lítið um laus pláss hjá dagforeldrum. Árvisst er að eftirspurn eftir dagforeldrum eykst þegar nálgast áramót. Dagforeldrum heldur áfram að fækka milli ára.

Frá 1. janúar 2018 hafa 9 dagforeldrar fengið nýtt leyfi til daggæslu frá skóla- og frístundasviði og 14 bráðabirgðaleyfi hafa verið gefin út. Þann 1. desember 2018 eru 4 dagforeldrar starfandi á bráðabirgðaleyfi.

Ár	Dagforeldrar	Fjöldi barna	Fædd börn
2013	212	706	1726
2014	198	706	1560
2015	188	723	1499
2016	145	618	1427
2017	135	551	1528
2018	124	497	1558

Réttindanámskeið, 70 stunda, fyrir dagforeldra hafa verið haldinn á vegum Námsflokka Hafnafjarðar undanfarin ár. Velferðaráðuneytið gerði samning við NH í kjölfar endurskoðunar á reglugerð árið 2005. Vegna kostnaðar eru námskeiðin eingöngu haldin ef næg þátttaka fæst. Eitt námskeið var haldið í apríl 2018. Samkvæmt reglugerð geta sveitarfélög haldið námskeið á eigin vegum að uppfylltum kröfum reglugerðar.

Réttindanámskeið var haldið á vorönn 2018. Tíu einstaklingar frá Reykjavíkurborg luku námskeiðinu, af þeim voru fimm við störf 1. desember 2018.